

-Maurice Peterson, New York: USA

Ljóð Birgittu Jónsdóttur færir ljóðið til hins nýja árþúsunds með fingerðum stíl og tilfinningaþunga. Sjaldan hefur listamaður sýnt eins mikla snilld með orðum og myndum. Ef lífið er þér kært, þá muntu elska verk Birgittu.

-Aleksi Aaltonen, Helsinki: Finnland

Það er mín einlæga skoðun að Birgitta sé einn af fremstu margmiðlunar listamönnum nútímans. Hin ótrúlega dýpt, styrkur og á sama tíma viðkvæmni í ljóðum hennar, tónlist og listaverkum er gáskafull, sterk og afar persónuleg.

-Elisabeth Belile, Texas: USA

Tungumálið í ljóðum Birgittu er þrungið töfrum og gneistum. Það gefur til kynna dýpt og skírleika og er hlaðið leyndardómum goðsagna. Ljóðin eru atburðir í sjálfum sér, ferðalag frá myrkri til birtu. Hún gefur ótakmarkað af gleði sinni. Hvort heldur töluð, gefið líf á Internetinu eða skrifuð, vekja orð hennar djúpan skilning innra með manni um að allt sé í lagi, að við séum eitt með alheiminum, að ástin sé það sem skiptir máli.



HEIMURINN



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR

BEYOND BORDERS

SMÁKVERASAFN

BIRGITTA JÓNSDÓTTIR

Æ v i á g r i p

Birgitta hefur búið víðsvegar um heiminn og verið virkur þátttakandi í bókmennta, lista, tónlistar og netheimum.

Listaverk eftir hana má finna í opinberri eigu og meðal safnara hérlandis og í BNA.

Ljóð Birgittu hafa verið þýdd á tólf tungumál.

Verk hennar má finna í safnbókum, dagblöðum, tímaritum, sjónvarpi og útvarpi í BNA, Englandi, Japan, Kólumbíu, Marokkó, Þýskalandi, Nígeríu, Kanada, Nýja Sjálandi, Ítalíu, Rúmeníu og víðar.

Hún telst til listrænna frumkvöðla í þeim gjörningi að koma bókmenntum og listum á Internetið og stóð fyrir fyrstu beinu myndbandsútsendingunni á netið frá Íslandi árið 1996 undir heitinu "Drápa".

Birgitta hefur starfað sem ritstjóri, greinahöfundur, ljóðskáld, listamaður, blaðamaður, rithöfundur, veflistamaður, söngkona, útgefandi og því hefur hún eintatt verið skilgreind sem fjöllistakona þó enn hafi hún ekki starfað í sirkus.

<http://kameljon.blogspot.com>
<http://birgitta.blog.is>
<http://this.is/birgitta>
<http://joyb.blogspot.com>

HEIMURINN



Beyond Borders Smákvérasafn #10

Reykjavík, Ísland 2005
poems@this.is

Hið daglega stríð

Harðstjórarnir fleiri en einn
handsal, mansal
Blóðugar hendur
einræðisríkja hins frjálsa heims
Olíubrák og blóðdemantar
blæða saman á skjánum
og þeir tala fjálglega um frelsi

Fánar brenndir
með iðandi táknum

Skotmörkin
ekki lengur fjarlæg

Þar sem eitt sinn var heimili
þar sem eitt sinn fjölskylda hjúfraði
sig saman í gleði og sorg
er storknað blóð í manngerðum gíg
Það eru engin tár
eftir í vonlausum augum
sem stara út í tómið af skjánum
Kvöl þeirra
nær til mín
í kraftmiklum táknum

Í mótspyrnu þess sem
öllu hefur glatað
er kraftur sem fáir skilja

Í þeirri auðn sem áður var
fæðist von
takmarkalaus innri ólga

Það er hafin bylting í hjarta mínu
hún einkennist af alúðlegum litlum
breytingum í huga mér

Mín hverdagslegu stríð
hjákatlega innantóm

HEIMURINN



Litríkar sprengjur

Við markaðinn staldrar enginn við lengur
mórauðir blóðblettir fastir í sprungunum

Fuglar hefja sig til flugs yfir sundurskotin þökin
falla jafnóðum járnfylltir í blóðlit strætin

Það rignir marglitum sprengjum
Börn á leik með litríkar klasasprengjur
dökkur skuggi að baki

Fugl vonar aðeins
skammfleyg tálshyn

Meðan ævafornt hatrið kraumar
undir yfirborðinu

Gömul kona syngur meðan hún þvær slitinn þvott
"Auga fyrir auga og tönn fyrir tönn
brátt mun ég örkina smíða"



Tónatungur

Í mannshjartanu leynist
alheims tungumálið
Úr margvísilegum augum
gægist það

En frosið er form
hverrar tungu

Tungumál eru vírus

En raddir bera í
hljómföllum lykil
leyndardómsins
sem í sálinni býr

Hetjur

Gefa eftir ræturnar
gefa eftir land forfeðranna
jörðina sem saga þeirra er mörkuð í.

Það þarf hugrekki til að yfirgefa
allt það sem maður þekkir.

Það þarf hugrekki
til að stíga um borð í báta
svo ævafora
að flestir þeirra sökkva
á hyldýpi þess óþekkta.

Það þarf hugrekki
til að setjast að á nýrri jörð.
Allt sem var er ei meir
—aðeins fjarlæg minning.

Hinar sönnu hetjur heimsins
skilja eftir
dýrmætustu fjársjóði sína
menntun
fjölskyldu
menningu.

Hinar sönnu hetjur heims okkar
kjósa að flýja
í stað þess að ýta sjálfvirkum rifflum
í hendur sona sinna.

II

Stórar öldur skolast yfir þau
salt hafsins
sárin
sorgin
óttinn.

Þau gefast ekki upp.
Eru stöðugt á hreyfingu
reyna að skjóta nýjum rótum
í okunna mold.

En vesturlöndin sjá heiminn
aðeins í gegnum sjónhimnu
veruleika síns.

Hinar sönnu hetjur heims okkar
vaska upp diska
þrifa klósett
verka fiskinn.
Háskólagráðurnar rykfallnar,
gjaldfallnar.

Hinar sönnu hetjur heims okkar
bíða í flóttamannabúðum
eftir stóradómi.

Í einfeldni okkar
óttumst við ekkert frekar
en að þau steli
ríkidæmi okkar.

Og við í vestrinu höfum fyrir löngu gleymt
hvaðan blóðþeningar okkar komu.

III

Í Vestrinu eru hetjurnar
þeir sem að synda meðal hákarla
með \$ merki í augum
og trúa að hinir hæfustu lifi af.

Hjá okkur heitir allt stríð.
Stríð gegn eiturflyfum
gegn fátækt
gegn hryðjuverkum
gegn öxulveldum hins illa.
—Ofbeldisvísindi.

Við trúum að við séum frjáls
lýðræðisleg,
á meðan örsti
vaxtarbroddur iðnvæðingar
er fangelsisíðnaðurinn.

Okkar hetjur eru áróðursmeistarar
strengjabróðumeistarar.
Ótinn ofar hugrekki.

Hinar sönnu hetjur eru
þeir sem tilbúnir eru að fórna öllu
fyrir sannfæringu hjarta síns.
Rödd vonar
meðal hinna óttaslegnu.

Hinar sönnu hetjur heimsins
eru einstaklingarnir
sem þora að gagnrýna
tifandi jarðsprengjurnar
sem blunda í hjörtum okkar.
Brjótast út sem þjóðræknisrembingur
ótti, hatur og græðgi

Hinar sönnu hetjur heimsins
velja frið.

Niðurtalning til stríðs

Draumar mínir eru fylltir
líkömum dauðra barna
sem munu hrannast upp í Írak
Ég sé bros þeirra
framtíð sem hefði getað orðið
Ég sé brostin hjörtu mæðra og feðra þeirra
Ég græt meðan ég sef

Meðan ég vaki
sé ég fyrirsagnir

Niðurtalning til Íraks

Hver á fjölmiðlana
Hver á flugskeytin
Hver vill drepa fleiri börn
Fyrir blóðuga olíu
Fyrir hina útvöldu
Hverjir eru hinir útvöldu

Eru þeir ég
Eru þeir þú

Sekur er sá sem ekkert gerir
Samþykkir öll voðaverkin
með þögn sinni
Hvar eru hetjurnar
Þorum við
að vera hetjur
eða munum við þegja þunnu hljóði
á meðan byssukúlum og flugskeytum
rignir yfir börnin í Írak
Á meðan þau bíða
með ótta í hjörtum
um hvað
muni gerast næst

Munum við skipta um
uppáhalds raunveruleikasjónvarpsrás
þegar beinu útsendingunum
frá "Shock & Awe" er lokið



BEINAKERLINGIN

Í bognu baki
gömlu beinakerlingarinnar
var dulin saga
sem augu hennar
sögðu engum.

Þrátt fyrir eymdina
var hún skrautlega klædd
þúsund litlir silkiklútar
flögruðu um hana.

Hún kunni að brosa
svo í tannlausan góminn gein.
Jafnvel augu hennar brostu.

Þegar hún gekk niður götuna
þar sem ávaxtasalarnir
höfðu borðin sín
breyttist hún
í litríkan fugl.

Hún söng ryðgaðri röddu
tregablandna söngva
um óáþreifanlegar kenndir
sem fáir skildu.

En tregann,
fallega tregann hennar
skildu allir.
Beinakerlingin brosti
breiðu beiskjulausu brosi,
rétti út bogna fingur
og þáði með nokkru stolti
það sem að henni var rétt.

Um nóttina,
komu rakkarnir,
sótsvartir.
Skáru burt silkislæðurnar,
kvektu í þeim,
nauðguðu kerlingunni.
Potuðu í hana
ruddalegum byssum
og hleyptu svo af
beint í hjartað.

En sama hvað þeir reyndu
þá gátu þeir ekki lokað augum hennar
heldur störfðu þau á þá
með fallegum trega.
Greyptist inn í sótsvarta sál
óvelkomin minning

Ávaxtasalarnir fundu hana
breiddu kóngablátt teppi yfir
marið og skorpið holdið.
Gerðu henni gröf
fyllta mjúkum og vellyktandi
ávöxtum.
Þeir grétu
stórum eplatárum.
Og sýndu fallegan trega.

LOMÐOM

Fuglar tísta vélrænt
og ískrandi.

Opna augun,
rýni inn í skarkalann.
Fell í ómegn af áreynslu.
Um líkamann læðist náladofi
og æðarnar bak við
augnalokin verða svartar.
Draumlaus andartök.

Glenni upp sinnið.
Ferðast um í
skröltandi járnormum.
Gaslykt angar í
hverjum stigagangi.

Horfi á falleg síki
og krúsidúlluhús.
Starfandi maura í
hverri sprungu.

Eitthvað í grámanum
andar gömlu andrúmi
í spenntar taugar.
Ég hygg að ég komi á ný
í ævintýraleit
sem leynast í
þykkri þoku
og maurahrúgunum.

Stríðshetjur



Hinar sönnu stríðshetjur borgarastriðsins,
munda ekki vélbyssurnar í fremstu víglínu.

Hetjurnar eru þeir sem snéru baki við
glórulausu hatrinu.
Fengu aldrei járnbragð hefndar í munninn.

Flúðu á vit óttans,
rifu burt ræturnar,
metorðin,
skildu við veraldlegan auð sinn.

Tóku ekkert nema sjálfa sig
og óm menningar
sinnar með sér.
Ekkert nema minningu
um ilm moldarinnar,
þar sem forfeður þeirra höfðu
lifað um aldir alda.
Ekkert.

Ekkert
nema einlitan söknuð,
og spurnina
hver er lífs
og hver er liðinn.

Ekkert
nema nagandi biðin
og hin brennandi spurning
um hvort að þau séu
dæmt til að vera
ævarandi útlagar
heima og heiman.



Ljóð, listaverk og ljósmyndir © 2005 Birgitta Jónsdóttir

Öll réttindi áskilin.

Fyrsta prentun

Heimsækið Womb of Creation, verðlaunavef

Birgittu til að skoða fleiri listaverk og ljóð eftir hana.

<http://this.is/birgitta>

Til að fá lista yfir útgefin verk Beyond Borders

farið á vef útgáfunar

<http://this.is/poems>

Beyond Borders


552 1742

692 8884

poems@this.is

Þessi bók er handunnin í 44 eintökum

Þetta er bók númer



ÍRAK ÍSLAND

Hvar er friðurinn, hvar er lýðræðið, hvar eru gjöreyðingavopnin?